

## **Sálfræðiálfal veturinn 2021-2022**

Þessum áfanga er ætlað að kynna nemendum fræðigreininna sálfræði, eðli hennar, þróun og sögu. Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, helstu sálfræðistefnur, kenningasmiði og frumkvöðla sálfræðinnar og grunnhugtök sálfræðinnar. Skoðaðar verða nokkrar af helstu rannsóknum félagsálfræðinnar og kenningar lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningar um nám, minni og þroska og nútímasjónarmið í sálfræði.

### **Lesefni**

Rafrænt efni frá kennara og önnur gögn eins og netmiðlar, myndir og fleira.

### **Námsmat**

Símat sem byggir m.a. á tveimur hlutaprófum yfir veturinn, fyrirlestur, tímaverkefni, þátttaka og mæting nemenda í tímum en ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum til dæmis í umræðum, hópavinnu, tímaverkefnum og öðru.

Próf 30% (eitt á vorönn og eitt á haustönn)

Fyrirlestur og hugleiðing um fyrirlestra annarra (30%)

Ástundun 40%: Mæting, þátttaka í tímum, skil á verkefnum í INNU, tímaverkefni og fleira

Mikilvægt er að nemendur lesi vel það efni sem lagt er fyrir hverju sinni. Nemendur skila hugleiðingum, spurningum eða öðru samkvæmt fyrirmælum. Þessi skil nemenda ásamt þátttöku í tímum fer inn í ástundunareinkunn. Nemendur ræða líka efnið saman í tímum og þurfa því að hafa lesið og mikið er lagt upp úr virkni nemenda.

Athugið að þar sem þetta er símatsáfangi skiptir máli að nemendur vinni jafnt og þétt yfir veturinn og skili verkefnum innan þess tímaramma sem settur er. Það er ekki hægt að skila verkefnum sem nemandi gleymdi að skila seinna.

## Helstu markmið áfanga

- Próun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndir sem móta kenningar sálfræðinnar
- Helstu frumkvöðlar sálfræðinnar
- Umfang sálfræðinnar og helstu undirgreinar
- Hagnýtt gildi sálfræði
- Hvernig sálfræðin útskýrir hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Nemendur kynni sér viðfangsefni sálfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að skoða betur og geti tjáð kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega

Birt með fyrirvara um breytingar